



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 29. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

### KJÖRTÍMABILIÐ 2014 – 2018 10. FUNDUR ÁRSINS

### VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 6. OKTÓBER

### 2016 KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2016, þann 6. október kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir 1 mál, forkaupsréttur vegna Ásabyggðar 19. Sveitarstjórn samþykkir að leggja erindið fram.

#### **Dagskrá fundarins:**

##### **Erindi til sveitarstjórnar:**

1. Sýslumaðurinn á Suðurlandi. Umsókn um nýtt rekstrarleyfi í Unnarholti 3.
2. Friðlýsingarskilmálar í Kerlingarfjöllum.
3. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga: Fyrirspurn.
4. Sjónvarpsstöðin N4: Beiðni um stuðning.
5. Alþingiskosningar 29. október nk.
6. Utankjörfundaratkvæðagreiðsla.
7. Íbúðalánasjóður: Framkvæmd laga um almennar íbúðir.
8. Ljósleiðari: Hönnun og auglýsing.  
-liggur frammi á fundinum-

##### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

9. Ungmennaráð Hrunamannahrepps: Fundargerð 2. fundar ráðsins frá 7. september s.l.
10. Veitustjórn: Fundargerð 14. fundar veitustjórnar frá 3. október s.l.  
-liggur frammi á fundinum-

##### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:**

11. Fundargerð 117. fundar skipulagsnefndar frá 8. september s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 31. ágúst s.l.  
Mál nr. 30: Afgreiðslur byggingarfulltrúa
12. Fundargerð 118. fundar skipulagsnefndar frá 27. september s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 3. og 17. ágúst s.l.  
Mál nr. 12: Garður: Deiliskipulagsbreyting.  
Mál nr. 14: Afgreiðslur byggingarfulltrúa
13. Stjórn Skipulagsfulltrúa Uppsveita bs: Fundargerð 38. fundar stjórnar stjórnar.
14. Skólalágnustu- og velferðarnefnd Árneshvíls: Fundargerð 16. fundar frá 6. september s.l.

##### **Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

- a. SASS: Fundargerð 511. fundar stjórnar frá 2. september s.l.
- b. Fagråd Tónlistarskóla Árneshvíls: 177. Fundur fagráðs frá 21. september s.l.
- c. Brunavarnir Árnessýslu: Fundargerð 8. fundar stjórnar frá 7. september s.l.
- d. Brunavarnir Árnessýslu: Fundargerð 9. fundar stjórnar frá 20. september s.l.
- e. Brunavarnir Árnessýslu: Fundargerð 10. fundar stjórnar frá 28. september s.l.
- f. Listasafn Árneshvíls: Fundarferð fagráðs frá 19. febrúar s.l.
- g. Listasafn Árneshvíls: Fundarferð stjórnar frá 23. september s.l.
- h. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 247. fundar stjórnar frá 6. september s.l.
- i. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 248. fundar stjórnar frá 28. september s.l.

##### **Kynningarmál:**

- j. EBÍ: Ágóðahlutagreiðsla 2016.
- k. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 25. fundar frá 5. september s.l.
- l. Samtök orkusveitarfélaga: Skýrsla stjórnar vegna aðalfundar og ársreikningur 2015.
- m. Landvernd: Byggingarleyfi hótélbyggingar í Kerlingarfjöllum.
- n. Míla: Ljósleiðaravæðing sveitarfélaga.

- o. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 842. fundar stjórnar frá 2. september s.l.
- p. Mennta og menningarmálaráðuneytið: Eftirfylgni með Leikskólanum Undraland.

#### **Fundir framundan**

- q. Héraðsnefnd Árnesinga: Haustfundur 11.-12. okt. n.k. á Flúðum.
- r. SASS: Aðalfundur 20.-21. okt. nk. á Hnappavöllum.

#### **Skýrslur**

- s. Ársskýrsla vinnumálastofnunar 2015
- t. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Ársskýrsla 2015.

#### **Gengið til dagskrár:**

##### **Erindi til sveitarstjórnar:**

1. **Sýslumaðurinn á Suðurlandi. Umsókn um nýtt rekstrarleyfi í Unnarholtskoti 3.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna rekstrarleyfis nýs gististaðar í flokki II að Unnarholtskoti 3. Sveitarstjórn getur ekki fallist á að notkun íbúðarhúsnæðis í Unnarholtskoti 3 verði breytt í gistiheimili þar sem ekki er föst búseta á jörðinni og hafnar því beiðninni. Hins vegar vill sveitarstjórn benda á að heimilt er að bjóða upp á heimagistingu í íbúðarhúsnæðinu enda sé þar skráð lögheimili með fasta búsetu.
2. **Friðlýsingarskilmálar í Kerlingarfjöllum.**

Oddviti fór yfir málið en afgreiðslu þess var frestað á síðasta fundi sveitarstjórnar. Nú liggur fyrir umsögn Umhverfisstofnunar um drög að endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps. Hins vegar liggur ekki fyrir umsögn Skipulagsstofnunar um aðalskipulagið eftir þær breytingar sem sveitarstjórn gerði á því á síðasta fundi sínum. Þar sem umsögn Skipulagsstofnunar liggur ekki fyrir er afgreiðslu málsins frestað þar til umsögn Skipulagsstofnunar berst.
3. **Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga: Fyrirspurn.**

Oddviti kynnti fyrirspurn frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga vegna ársreiknings 2015. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra í samráði við endurskoðanda sveitarfélagsins að svara fyrirspurninni.
4. **Sjónvarpsstöðin N4: Beiðni um stuðning.**

Oddviti kynnti beiðni frá sjónvarpsstöðinni N4 um fjárhagsstuðning vegna þáttagerðar á Suðurlandi. Sveitarstjórn bendir á að sveitarfélagið styrkti verkefnið þegar þessi þáttagerð fór fyrst af stað. Sveitarstjórn telur eðlilegra að sjónvarpsstöðin leyti til fyrirtækja á svæðinu eftir auglýsingum og styrkjum og hafnar því erindinu.
5. **Alþingiskosningar 29. október nk.**

Oddviti kynnti upplýsingar um meðferð kjörskrárstofna vegna Alþingiskosninga 29. október n.k. Sveitarstjórn samþykkir að kjörstaður verði í félagsheimili Hrunamanna og verði opinn frá 10:00-22:00. Boðið verður upp á kosningavöku í félagsheimilinu eftir að kjörstað lokar.
6. **Utankjörfundaratkvæðagreiðsla.**

Oddviti kynnti minnisblað sem Samband íslenskra sveitarfélaga vann vegna utankjörstaðaratkvæðagreiðslu vegna forsetakosninga. Ljóst er að vel hefur tekist til með að veita þessa þjónustu og samþykkir sveitarstjórn að taka þátt í þessu verkefni vegna alþingiskosninga þann 29. október n.k.
7. **Íbúðalánasjóður: Framkvæmd laga um almennar íbúðir.**

Oddviti kynnti þær breytingar sem verða vegna nýrra laga um almennar íbúðir. Sveitarstjórn hvetur byggingaraðila og fyrirtæki til að skoða möguleika þessa nýju reglna og lýsir vilja sínum til að koma að slíku verkefni.
8. **Ljósleiðari: Hönnun og auglýsing.**

Oddviti fór yfir þá vinnu sem unnin hefur verið vegna hönnunar á ljósleiðarkerfi fyrir Hrunamannahrepp. Haldnir hafa verið fundir með fulltrúum Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps og Hrunamannahrepps þar sem kynnt var frumhönnun að ljósleiðarakerfi fyrir heimili, fyrirtæki og sumarhús í sveitarfélögunum þremur. Í samræmi við ríkisstyrkjareglur EES er mikilvægt að kanna, áður en lengra er haldið, áform fjarskiptafélaga um uppbyggingu á ljósleiðarakerfi á svæðinu á markaðsforsendum næstu árin, áhuga þeirra á aðkomu að uppbyggingu slíks kerfis með stuðningi frá opinberum aðilum svo og kalla eftir upplýsingum um fjarskiptainnvíði sem nú þegar kunna að vera á svæðinu og gætu nýst til slíkrar uppbyggingar.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að kalla eftir þessum upplýsingum, í samráði við Grímsnes- og Grafningshrepp og Bláskógabyggð, með auglýsingu í fjölmiðli sem er með útbreiðslu um allt land.

**Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

**9. Ungmennaráð Hrunamannahrepps: Fundargerð 2. fundar ráðsins frá 7. september s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 2. fundar Ungmennaráðs Hrunamannahrepps. Þar voru ýmis mál rædd, m.a. fjallað um skipunartíma fulltrúa, ráðstefnu ungmennaráða, rætt um hlutverk ungmennaráðs og fundartíma, fjárhagsáætlun og fleira. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

**10. Veitustjórn: Fundargerð 14. fundar veitustjórnar frá 3. október s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 14. fundar veitustjórnar frá 3. október sl. Þar var fjallað um 8 mánaða uppgjör Hitaveitu Flúða, stöðuyfirlit á rekstri vatns- og fráveitu á árinu 2016 og farið yfir önnur mál. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

**Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:**

**11. Fundargerð 117. fundar skipulagsnefndar frá 8. september s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 31. ágúst s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 117. fundar skipulagsnefndar frá 8. september s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 31. ágúst.

Mál nr. 30: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 31. ágúst sl.

**12. Fundargerð 118. fundar skipulagsnefndar frá 27. september s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 14. september s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 118. fundar skipulags frá 27. september s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 14. september s.l.

Mál nr. 12: Garður: Deiliskipulagsbreyting.

Lögð var fram umsókn Garðs um breytingu á deiliskipulagi. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir þremur nýjum byggingarreitum fyrir hús fyrir starfsfólk eða til útleigu. Þá er einnig óskað eftir undanþágu frá ákvæðum skipulagsreglugerðar vegna fjarlægðar frá Litlu-Laxá.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við niðurstöðu skipulagsnefndar að auglýst verði tillaga að breytingu á deiliskipulagi svæðisins í samræmi við umsóknina þegar undanþága frá ákvæðum skipulagsreglugerðar varðandi fjarlægð mannvirkja frá ám og vötnum liggur fyrir.

Mál nr. 14: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 3. ágúst sl.

**13. Stjórn Skipulagsfulltrúa Uppsveita bs: Fundargerð 38. fundar stjórnar stjórnar.**

Oddviti kynnti fundargerð 38. fundar stjórnar Skipulags- og byggingafulltrúa Uppsveita bs. frá 8. september s.l. Þar var farið yfir skráningu mannvirkja og ráðningu starfsmanna. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

**14. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshrepps: Fundargerð 16. fundar frá 6. september s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 16. fundar skólaþjónustu og velferðarnefndar. Þar var m.a. lögð fram ársskýrsla Skóla- og velferðarþjónustu Árneshrepps fyrir árið 2015. Lögð var fram til kynningar umsögn stjórnar þjónustusvæðis málefna fatlaðs fólks vegna frumvarpsdraga til nýrra laga um þjónustu við fatlað fólk með sérstakar þjónustuþarfir. Þá var fjallað um upplýsingar um rekstrarkostnað á hvern nemenda í grunnskóla og tekið fyrir trúnaðarmál. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

**Önnur mál:**

**15. Forkaupsréttur vegna Ásabyggðar 19.**

Oddviti kynnti beiðni frá Lögmönnum Suðurlandi þess efnis að Hrunamannahreppur falli frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Ásabyggð 19 skv. lóðaleigusamningi vegna eignarinnar. Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Ásabyggð 19 í Hrunamannahreppi, fastanúmer 220-4125 skv. samþykktu kaupilboði í eignina.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

- a. **SASS: Fundargerð 511. fundar stjórnar frá 2. september s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- b. **Fagráð Tónlistarskóla Árnesinga: 177. Fundur fagráðs frá 21. september s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- c. **Brunavarnir Árnessýslu: Fundargerð 8. fundar stjórnar frá 7. september s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- d. **Brunavarnir Árnessýslu: Fundargerð 9. fundar stjórnar frá 20. september s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- e. **Brunavarnir Árnessýslu: Fundargerð 10. fundar stjórnar frá 28. september s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- f. **Listasafn Árnesinga: Fundarferð fagráðs frá 19. febrúar s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- g. **Listasafn Árnesinga: Fundarferð stjórnar frá 23. september s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- h. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 247. fundar stjórnar frá 6. september s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- i. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 248. fundar stjórnar frá 28. september s.l.**  
Lagt fram til kynningar.

**Kynningarmál:**

- j. **EBÍ: Ágóðahlutagreiðsla 2016.**  
Lagt fram til kynningar.
- k. **Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 25. fundar frá 5. september s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- l. **Samtök orkusveitarfélaga: Skýrsla stjórnar vegna aðalfundar og ársreikningur 2015.**  
Lagt fram til kynningar.
- m. **Landvernd: Byggingarleyfi hótélbyggingar í Kerlingarfjöllum.**  
Lagt fram til kynningar.
- n. **Míla: Ljósleiðaravæðing sveitarfélaga.**  
Lagt fram til kynningar.
- o. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 842. fundar stjórnar frá 2. september s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- p. **Mennta og menningarmálaráðuneytið: Eftirfylgni með Leikskólanum Undraland.**  
Lagt fram til kynningar.

**Fundir framundan**

- q. **Héraðsnefnd Árnesinga: Haustfundur 11.-12. okt. n.k. á Flúðum.**  
Lagt fram til kynningar.
- r. **Bergrisinn bs: Aðalfundur 12. okt. á Flúðum.**  
Lagt fram til kynningar.
- s. **Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings: Aðalfundur 18. okt. í Þorlákshöfn.**  
Lagt fram til kynningar.
- t. **SASS: Aðalfundur 20.-21. okt. nk. á Hnappavöllum.**  
Lagt fram til kynningar.

**Skýrslur**

- u. **Ársskýrsla vinnumálastofnunar 2015**  
Lagt fram til kynningar.
- v. **Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Ársskýrsla 2015.**  
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:00.